

LISTIR

Listasafn Reykjavíkur opnað í Hafnarhúsi

Vaxtarbroddur í menningarlífi borgarinnar

FYRSTI áfangi húsakynna Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu verður tekinn í notkun næstkomandi miðvikudag, en þá verður húsið vígt og borgarstjóri Reykjavíkur, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tekur formlega við húsinu í tilefni opunar á tveimur sýningum, þeim fyrstu í nýjum salarkynnum.

Í gönguferð um húsið með Guðrúnu Jónsdóttur, formanni menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, kom í ljós að húsið er allt hið glæsilegasta og kemur til með að verða mikilsverð viðbót við starfsemi Listasafns Reykjavíkur í framtíðinni. Auk þess að vera í forsvari fyrir menningarmálanefnd er Guðrún formaður byggingarnefndar Hafnarhússins og nýs safnahúss í Tryggvagötu sem nýverið var gefið nafnið Grófarhús. Auk Guðrúnar hafa starfað í nefndinni Árne Þór Sigurðsson, formaður Hafnarstjórnar, Ingimundur Sveinsson arkitekt, Jón Björnsson, yfirmaður þróunarsviðs Reykjavíkurborgar, og fjórir forstöðumenn þeirra safna sem flytja húsin. Frá byggingardeild borgarverkfræðings komu Rúnar Gunnarsson og Þorkell Jónsson að þessu starfi.

Áhersla var lögð á að halda í sérkenni hússins

„Upprunalega var Hafnarhúsið teiknað af Sigurði Guðmundssyni arkitekt, en það var tekið í notkun á fjórða áratugnum,“ segir Guðrún. „Þegar farið var að huga að endurbýggingu hússins var mikil áhersla lögð á að halda í sérkenni hússins og reyna að gera ekkert sem drægi úr meginhugmynd Sigurðar, er hverfist um húsgarðinn í miðjunni. Eftir var til boðskepni um breytingarnar á húsinu og voru fjórir aðilar valdir til að setja fram tillögur. Studio Granda varð síðan hlutskarpast en að þeirri tillögu standa arkitektarnir Margrét Harðardóttir og Steve Christer. Þau hafa byggt fleiri hús í miðbænum, m.a. hús Hæstaréttar og Ráðhúsið. Að mati dómnefndar fóru þau mildustum höndum um húsið og komu til móts við það á aðlaðandi hátt,“ segir Guðrún ennfremur.

„Á miðvikudag verða opnaðar tvær hæðir í húsinu en þar eru sex sýningarsalir auk sjöunda salarins sem er fjölnotasalur. Önnur sýningin sem opnar á miðvikudaginn er hugsuð sem stefnumót listaverkaeignar borgarinnar og Hafnarhúss. Mennta eru að byrja að fíkra sig áfram með það hvernig eigi að taka á sýningarmálunum. Þetta eru myndir úr eigu Listasafns Reykjavíkur, en um 14.000 listaverk eru í eigu borgarinnar. Listaverkaeignin skiptist að nokkru leyti upp í einkasöfn; í Kjarvalssafni eru um 5.000 verk, þar af eru um 250 málverk auk skissna og annarra hluta frá Kjarval. Errógjöfin er um 3.000 verk núna þótt hún hafi ekki verið svo stór í byrjun. Hún hefur sífellt verið að vaxa, en hluti af þessum verkum Erró eru t.d. skólaverk, sem segja til um þróun hans sem listmanns. Þessi gjöf var færð Reykjavíkurborg árið 1989, svo það eru liðin 11 ár síðan Erró gaf þetta og kominn tími til að geta sinnt þessu eitthvað. Nú, svo heyrir Ásmundarsafn líka undir Listasafn Reykjavíkur, en þar eru um 2.300 verk, þar af tæplega 400 höggmyndir. Verk eftir aðra en þessa þrjá eru í dag um 3.200,“ segir Guðrún.

Kjarval, Ásmundur og Erró eiga allir sinn stað

Hvaða breytingar hefur tilkoma þessa nýja húss í för með sér fyrir starfsemi listasafnsins á Kjarvalsstöðum?

„Samþykkt um byggingu Kjarvalsstaða var gerð árið 1965 á 80

Guðrún Jónsdóttir, arkitekt og formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar, ræddi við Fríðu Björk Ingvarsdóttur um Hafnarhúsið og hlutverk þess, en það verður vígt miðvikudaginn 19. apríl.



Morgunblaðið/Göll

Unnið við að setja upp úrval verka úr eigu Listasafns Reykjavíkur

ára afmæli Kjarvals. Þegar húsið var vígt árið 1973 átti það annars vegar að hýsa verk hans í svonefndum Kjarvalssal, en hins vegar átti þar að vera sýningarsalur fyrir almennar listkyningar, sem tók þá í rauninni við af gamla Listamannaskálanum. En síðan hefur þróunin orðið sú að við höfum ekki alltaf getað haft Kjarval á veggjum, hann hefur stundum þurft að víkja fyrir stærri sýningum sem verið hafa í öllu húsinu. Á þessu verður breyting núna, þegar Kjarval fer í sinn Kjarvalssal og verður þar. Hinn salurinn verður áfram notaður sem sýningarsalur, svo húsið er núna að færast yfir í sitt upprunalega hlutverk. Á sama máta verður Erró alltaf uppi í Hafnarhúsinu, honum er ætlaður varanlegur staður í norðurálmum þess húss, en þar eru tveir salir sem ganga undir starfsheitinu



Morgunblaðið/Göll

Eitt þeirra verka sem komið er á stefnumót við nýtt hús.

Úrval verka sett í nýtt samhengi ásamt Fabrice Hybert

EIRÍKUR Þorláksson forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur sagði í samtali við blaðamann að aðstaðan í Hafnarhúsinu væri mikið framfaraskref, en á miðvikudaginn kl. 14 opna 2 sýningar í þremur söluum í hinu nýja Hafnarhúsi, sem báðar eru liður í dagskrá menningarárs. Önnur sýningin er einskonaúrval úr listaverkaeign safnsins og hefur einfaldlega verið gefið nafnið „Myndir á sýningu“ og mun standa út árið 2000. Sú sýning er að sögn Eiríks ekki endilega sett upp með beinu tilliti til hefðarinnar, – hún er ekki í tímaröð eða sögulegs eðlis, heldur er hún sett upp með þetta nýja húsnæði í huga þar sem gömul list er sett upp í nýju og spennandi samhengi.

Á miðvikudaginn verður einnig

opnuð sýning á innsetningu eftir franska listamanninn Fabrice Hybert, en hann hlaut gullljónið, æðstu verðlaun Peneyja-tvíværingsins árið 1997. Innsetningunni í sal Hafnarhússins hefur Hybert valið yfirskriftina „Á eigin ábyrgð“, en sýningin stendur til 14. maí.

Við opnunina verður svo frumsýnd ný heimildarmynd um listamanninn Erró, en leikstjóri hennar er Ari Alexander Ergis Magnússon.

Að sögn Eiríks veitir þetta nýja hús svigrúm til að vera með fastar sýningar, en slíkt tækifæri hefur ekki gefist áður. Nú verður hægt að vera með fastar sýningar á verkum Jóhannesar Kjarval á Kjarvalsstöðum, Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsal í Sig-túni og á verkum Erró í tveimur



Morgunblaðið/Göll

Guðrún Jónsdóttir í húsgarði Hafnarhússins sem nú hefur fengið nýtt hlutverk

„Errósafn“.

Nú er þetta mikil aukning á salarkynnum fyrir Listasafn Reykjavíkur. Verður þetta til þess að hægt verður að þróa starfsemi þar í samræmi við þarfir framtíðarinnar?

„Já,“ segir Guðrún, „nú eignum við að geta sett upp sýningar í hinum söluum með verkum í eigu safnsins, svo við eignumst í fyrsta skipti, að segja má, listasafn yfir fleiri en einn listamann, – þar sem sýnd verða þau verk sem við eignum og hægt er að ganga að því vísu, hvort heldur sem er fyrir erlenda gesti, okkur borgarbúa eða aðra landsmenn, að alltaf sé uppi sýning sem sýni ákveðna þróun í íslenskri myndlist, eða kafla úr henni.

Í öðrum söluum í Hafnarhúsinu verða svo breytilegar sýningar, bæði íslenskar og erlendar, svo og í vestursal Kjarvalsstaða. Þetta nýja hús eykur því mjög möguleikana á því að hafa eitthvað fast, en viðhalda engu síður fjölbreytileikanum í sýningarhaldinu.“

Margar leiðir að opnast inn í alþjóðlegan listaheim

Á Listasafn Reykjavíkur einngöngu íslensk verk eða eru verk eftir erlenda listamenn þar á meðal?

„Þetta eru ekki alveg eingöngu íslensk verk, en ársframlag til listaverka kaupa hefur undanfarið ár verið 12 milljónir króna sem er ekki há fjárhæð. Við höfum samt verið svo heppin að það hafa margir gefið okkur góð verk og svo höfum við getað keypt einstaka erlent verk. Það er þó alveg ljóst að við þurfum að reyna að sinna þessum þætti líka. En miðað við þetta fjárframlag höfum við lagt megináherslu á íslenska samtímalist, auk þess að kaupa góð verk eftir Kjarval og fleiri til að fylla inn í safn okkar af verkum eftir eldri málara,“ segir Guðrún.

Verða þessar fjárveitingar auknar með tilkomu Hafnarhúss?

„Það á auðvitað eftir að ræða það, því það er stór bita fyrir okkur að opna þetta safn, koma því í notkun og nýta það vel. Við þurfum aðeins að auka starfsmannahald, svo við verðum að sjá hvernig það kemur til með að þróast. En vonandi verður hægt að auka framlög til listaverka kaupa, því þetta er orðið safn sem menn taka mark á í heiminum og með því að efla það sköpum við óskaplega mörg tækifæri, bæði fyrir okkar listamenn og líka á sviði atvinnustarfsemi. Þessari starfsemi fylgja mörg störf og ef við komumst inn í þetta alþjóðlega umhverfi er þetta auðvitað atvinnuskapandi, ekki síður en ýmislegt annað. Fjármagnið kemur þannig að einhverju leyti til baka.

Erró hefur t.d. orðið okkur til mikils framdráttar, því í eigu safnsins eru mörg hans bestu verk sem hafa opnað okkur leið inn í alþjóðlegt listaumhverfi. Hann hefur sýnt úti um allan heim, verkin okkar eru tekin á þessar sýningar og þá er Listasafnsins og Reykjavíkurborgar getið. Út á þetta höfum við jafnframt getað fengið sýningar til okkar frá söfnum erlendis, svo þetta hefur auðveldað okkur þau samskipti mjög.“

Þarna er þá vaxtarbroddur í menningarlegum samskiptum?

„Já, mjög mikill. Sem verður vonandi einnig til þess að við eignumst